



Borgarnes 13.01.2026

Málsnúmer: 2504020

Efni: Grenndarkynning vegna Syðstu-Fossa (L133909).

Grenndarkynnt að nýju með uppfærðum gögnum.

Skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar barst erindi þann 2. apríl 2025 frá Hauki Einarssyni fyrir hönd landeiganda. Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Cowi fyrir hönd landeiganda að Syðstu-Fossum í Borgarbyggð. Um er að ræða vegagerð og undirbúning tippsvæða vegna fyrirhugaðra endurbóta á mannvirkjum við inntakslóð Andakílsárvirkjunar. Á umræddu svæði er í gildi aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022, deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Erindið var grenndarkynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 18.07.25 til og með 24.08.25 og bárust 7 athugasemdir á kynningartíma.

Málið var aftur tekið fyrir hjá skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar þann 5. desember 2025.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar nr. 81 þann 5. desember 2025 var málið tekið fyrir og eftirfarandi bókað:

„Skipulags- og byggingarnefnd telur að ekki sé hægt að draga aðra ályktun en að framkomin gögn hafi verið misvísandi eins og fram hefur komið í athugasemdum við grenndarkynningu og fer nefndin því fram á að framkvæmdaraðili sendi inn uppfærð gögn og málið grenndarkynnt að nýju. Samþykkt samhljóða.“

Uppfærð gögn bárust þann 15. desember 2025 og voru þau gögn lögð fram til kynningar og samþykktar hjá skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar á fundi nr. 82 þann 9. janúar 2026.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar nr. 82 þann 9 janúar voru uppfærð gögn lögð fyrir nefndina til kynningar og var eftirfarandi bókað:

„Skipulags- og byggingarnefnd sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar samþykkir meðfylgjandi gögn til grenndarkynningar. Samþykkt samhljóða.“

Með hliðsjón af ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar og í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er þér hér með kynnt málið að nýju og boðið að gera skriflegar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir áður en erindið verður endanlega afgreitt frá byggingarfulltrúa. **Grenndarkynningargögn eru aðgengileg inni á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar <https://skipulagsgatt.is> mál nr. 46/2026.**

Skriflegum athugasemdum, ef einhverjar eru, skal komið á framfæri inni á Skipulagsgáttinni eða senda í þjónustuver Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is eigi síðar en 13. febrúar 2026

Heimilt er að stytta tímabil grenndarkynningar ef allir þeir sem hagsmuna eiga að gæta, hafa áður en fjórar vikur eru liðnar, lýst því skriflega yfir með áritun sinni, að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu. Hafir þú engar athugasemdir við ofangreinda breytingu og vilt koma því á framfæri, óskast nafn þitt og samþykki inni á Skipulagsgáttinni, því til staðfestingar.

Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og geta meðal annars nöfn þeirra sem senda inn athugasemdir birst í fundargerðum nefnda sveitarfélagsins.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar, sé þess óskað á netfangið skipulag@borgarbyggd.is

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Dorteit Skarðdal", is written over a horizontal line.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar